

Brjef landshöfðingja til biskups um sóknaskipting. — Með þóknanlegu brjefi, **75**
dags. 23. þ. m. hafið þjer, herra biskup, sent mjer um umsóknarbrjef sóknar-^{29. apríl.}
nefndanna í Hofteigs og Brúarsóknum í Norður-Múlaprófastsdæmi, dags. í sept-
embermán. f. á., með áritaðri yfirlýsingu sóknarprestisins og fjárráðamanns
Brúarkirkju, þar sem farið er fram á þá breytingu á sóknarskipun í Jökuldal
að 6 innstu (c: syðstu) bæirnir í Hofteigasókn verði framvegis lagðir til Brúar-
sóknar, og að Hofteigspresti verði gjört að skyldu að flytja 8 messur á ári að
Brú, þannig að 5 af messunum falli frá 15. júní til 15. október. Ennfremur
hafið þjer sent álit prófastsins um erindi þetta, þar sem hann að öllu leyti
mælir með hinni umbeðnu breytingu, og telur hana æskilega og til mikilla bóta,
og loks hafið þjer tekið fram, að á hjeradsfundi prófastsdæmisins, þar er mættir
voru 12 nefndarmenn af 19, er þar eiga sæti, hafi bæði atriði hinna umræddu
breytingar verið samþykktar með öllum atkvæðum; sjálfur hafið þjer lagt til,
að hún yrði samþykkt, og tekið sjerstaklega fram, að Hofteigskirkja muni með
góðu fjárhaldi geta borið þá tekjurýrnun, sem af þessu leiðir fyrir hana.

Með því að nauðsynlegum skilyrðum fyrir sóknarskipting þeirri, sem
um er beðið, er þannig fullnægt, vil jeg hjermeð með skírskotun til 4. gr. í
lögum nr. 3 27. febr 1880 (sbr. ráðgj.br. 5. maí 1887, Stj.tíð. s. á. B., bls. 74)
veita samþykki mitt til, að Hofteigssókn verði skipt þannig, að bæirnir Grund,
Fossgerði, Klaustursel, Hákonarstaðir, Víðirhólar og Sænautasel eigi ásamt þeim
4 bæjum, sem nefndir eru í konungsbrjefi 3. apríl 1844 eptirleidis kirkjusókn að
Brú. Að því er snertir messufjölda að Brú verður eptir hinum framkomnu
skjölum að álíta, að það sje samhuga vilji hlutadeigandi prests og sóknarnefnda
að messum sje hagað svo, sem að framan er tekið fram, og veiti jeg fyrir
mitt leyti samþykki til þess tyrirkomulags; þó bið jeg yður að útvega og senda
hingað við fyrstu þóknanlega hentugleika beina yfirlýsing prestsins að Hofteigi
um það, að hann vilji fyrir sína embættistíð undirgangast, að haga messum á
þann hátt, sem um er beðið.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu um leyfi til að **76**
halda lotteri (Ágrip.) — Með brjefi þessu var veitt leyfi til að halda »lotteri« til ^{3. maí.}
ágóða fyrir Vestdalseyrarkirkju í Seyðisfirði á komandi sumri um tiltekna
muni, virta á 200 kr. samtals, þannig að gefnir væri út 1200 seðlar og seldir á
1 kr. hver seðill. Leyfið var bundið venjulegum skilyrðum.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um virðingargjörð- **77**
ir á þjóðjörðum, er selja skal. — Út af þar að lútandi fyrirspurn frá yður, herra ^{4. maí.}
sýslumaður, í þóknanlegu brjefi dags. 13. f. m., skal yður hjermeð þjónustusam-
lega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þegar ræða er um sölu á þjóðjörð-
um þeim, sem stjórninni með hinum síðustu þjóðjardasölulögum er veitt heimild
til að selja, er ekki þörf á, að þær áður sjeu virtar til peningaverðs af dóm-
kvöddum mönnum, eins og áður hefur tíðkapt.